

Til þeirra er málið varðar.

Við hjónin erum að sækja um að breyta húsnæði við Aðalgötu 8, 430 Suðureyri úr banka (atvinnuhúsnæði) í íbúðarhúsnæði og með því færa þetta hús í upprunalegt horf.

Húsið var byggt 1914 og var búið í því fram á byrjun 9. áratugs þegar hluta húsnæðisins var breytt í banka sem síðar varð aðalstarfsemi hússins. Á efri hæð þess er lítil íbúð. Í þessu húsi munu því verða tvær íbúðir sem munu aðstoða við að leysa þann íbúðaskort sem verið hefur á Suðureyri undanfarin ár. Við munum búa í neðri hæð hússins og leigja út þá efri.

Samkvæmt lögum nr. 153/2006 segir í 3 gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun byggingar þannig að hún færist í hærri gjaldflokk samkvæmt samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 4. gr., skal greiða gatnagerðargjald af fermetrafjölda viðkomandi húsnæðis sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

Til greiðslu kæmi hjá okkur 922.123 kr í mismun gatnagerðargjalda.



Í sömu lögum stendur:

Sveitarstjórn er einnig heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald við sérstakar aðstæður svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.

Við viljum sækja um að fá gatnagerðargjaldið fellt niður vegna sérstakra aðstæðna. Bæði vegna íbúðarskorts á svæðinu og mikillar eftirspurnar eftir leiguhúsnæði, nú þegar höfum við fengið þrjár beiðnir um að fá íbúðina leigða. Einnig vegna þess að þetta hús var íbúðarhúsnæði, allar lagnir eru að húsinu og þær breytingar sem við erum að fara í eru eingöngu innan dyra. Engin viðbygging bætist við húsið. Húsið stendur við Aðalgötu, sem er ein elsta gata bæjarins og eru allar lagnir, rafmagn og fleira tengt nú þegar. Tekið skal fram að húsið er 105 ára gamalt og hefur lengstan tíma sinn verið íbúðarhúsnæði.

Við höfum búið í húsnæðinu síðan 2016, í að verða 3 ár. Við rekum eigið fyrirtæki á svæðinu sem heldur úti 2 starfsmönnum og býr til 4 afleidd störf. Við ætlum okkur að búa hér áfram og viljum fá húsið samþykkt sem íbúðarhúsnæði en kostnaður við gatnagerðargjaldið er okkur þungbært.

Bestu kveðjur


Sædis Ólöf Þórsdóttir

Gunnar Ingi Hrafnsson